



Alþingi
 Erindi nr. P 139/436
 komudagur 26.11.2010

Alþingi
 Efnahags- og skattanefnd
 Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 200. mál

Með frumvarpinu er verið að leggja til breytingar á gildandi lögum til samræmis við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2011. Þar er gert ráð fyrir beinum aðgerðum til að bæta afkomu ríkissjóðs um 44 milljarða króna frá því sem ella hefði orðið þannig að frumjöfnuður hans verði orðinn jákvæður á árinu 2011. Þar af er stefnt að því að ný tekjuöflun skili 11 milljörðum króna til ríkissjóðs.

Skattaleg umgjörð íslensks atvinnulífs á að hvetja til fjárfestinga, atvinnusköpunar og framfara í samfélaginu. Forsenda þess eru hóflegar álögur og einfalt skattkerfi, þar sem lögð er áhersla á tekjuöflunarhæfni til lengri tíma. Þannig getur atvinnulífið skilað eðlilegum skatttekjum í ríkissjóð og staðið undir hagvexti, nægri atvinnu og bættum lífskjörum.

Undirrituð samtök leggja áherslu á að í því samdráttarástandi sem nú er ættu stjórnvöld frekar að lækka skattþrósentur en að hækka þær til að örva hagvöxt og hvetja til nýrra starfa. Til að leggja grunn að traustum skatttekjum til langframa á að kappkosta að breikka skattstofna, fækka undanþágum og draga úr flækjustigi. Einnig þarf að taka mjög hratt á skuldavanda fjölmargra fyrirtækja svo að þau geti byrjað að fjárfesta á ný og ráða fleira starfsfólk.

Allar skattahækkunir auka hvata til undanskota og svartrar atvinnustarfsemi. Þrátt fyrir aukið skattaeftirlit þá mun áhugasömum alltaf takast að finna glufur sem reynist skatteftirliti ofraun að koma í veg fyrir. Tíðar breytingar á skattareglum hafa að auki í för með sér aukinn kostnað bæði fyrir skattkerfið og skattgreiðendur.

Undirrituð samtök gagnrýndu stjórnvöld og Alþingi harkalega fyrir verulega áfátt samráð við hagsmunaaðila og sérfræðinga við undirbúning skattabreytinga síðasta árs. Töldu samtökin ýmsar þeirra illa undirbúnar, íþyngja atvinnulífi og leiða til þess að skattstofnar dragist saman og skatttekjur af atvinnustarfsemi minnki.

Fjármálaráðuneytið mat að skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2010 myndu aukast um 56 milljarða króna frá því sem þær yrðu árið 2009 að gerðum verulegum breytingum á skattkerfinu. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2011 kemur fram að þessi aukning hafi verið verulega ofmetin og að skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2010 muni einungis aukast um 30 milljarða króna á milli ára (fylgiskjal 1). Þetta styður þá skoðun sem SA settu fram fyrir ári að matið á áhrifum skattabreytinganna til tekjuaukningar ríkissjóðs hafi verið slæga unnið. Einnig er þetta vísbending um að fjölmargar tæknilegar breytingar á skattkerfinu í lok síðasta árs hafi orðið til þess að minnka tekjur ríkissjóðs frá því sem ella hefði orðið.

Fjármagnstekjuskattur og tekjuskattur lögaðila

Undirrituð samtök leggja eindregið gegn hækkun á fjármagnstekjuskatti einstaklinga og tekjuskatti lögaðila úr 18% í 20%. Eins og nú háttar er aukin skattheimta röng og dregur úr fjárfestingu og einkaneyslu. Hækkun á tekjuskatti lögaðila mun á næsta ári ekki leiða til tekjuaukningar ríkissjóðs og í ljósi efnahagsástandsins óverulegrar aukningar á árinu 2012.

Það sem eykur tekjur ríkisins til framtíðar eru fjárfestingar, ný störf og aukin verðmætasköpun. Frekari hækkun tekjuskatts fyrirtækja og fyrirhuguð hækkun á fjármagnstekjuskatti hindra fjárfestingar í



atvinnulífínu. Fjárfestingar eru nú í algjöru lágmarki og hafa aldrei verið lægri frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari.

Verði ákvæði frumvarpsins að lögum hefur fjármagnstekjuskattur á síðustu tveimur árum verið tvöfaldaður, úr 10% í 20%, m.a. á þeirri forsendu að verið sé að samræma skattgreiðslur af fjármagni og launum. Sú afstaða byggir á misskilningi þar sem fjármagnstekjuskattur er brúttóskattur, ólíkt því sem tíðkast í öðrum ríkjum, og með aukinni verðbólgu er skattlagning á raunvexti verulega hærrí en sem nemur hlutfalli fjármagnstekjuskatts. Gildar ástæður eru að auki fyrir því að skattur á fjármagnstekjur ætti að vera lægri en á launatekjur, en það hefur með ólíkt eðli skattstofnanna að gera.

Ein meginástæða stjórnvalda fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts virðist vera að sporna gegn misnotkun á eldra skattkerfi. Með því er vísað til þess að einyrkjar stofni einkahlutafélag í kringum atvinnurekstur sinn, greiði sér lág laun og borgi hagnað starfseminnar út sem arð. Þannig séu þeir raunverulega að lækka eiginlegan tekjuskatt af launum. Stjórnvöld eru að fórna miklu fyrir lítinn ávinning ef þau hækka fjármagnstekjuskatt af þessum sökum. Í stað þess ættu stjórnvöld mun frekar að beina sjónum sínum að rót vandans, þ.e. reiknuðu endurgjaldi. Með því að skerpa reglur og herða eftirlit mætti leysa vandann með mun minni fórnarkostnaði en þeim sem fylgir hækkun fjármagnstekjuskatts.

Auðlegðarskattur

Undirrituð samtök leggja gegn þeim breytingum á ákvæðum um auðlegðarskatt sem er að finna í umræddu frumvarpi og leggja til að auðlegðarskatturinn verði felldur niður. Með lögfestingu auðlegðarskatts var á ný tekinn upp eignarskattur sem almennt hefur verið talinn óréttlátur enda hafa flest nálæg lönd afnumið hann. Verið er að gera skattinn almennari með því að lækka skattleysismörk. Einstaklingur sem er í þeirri stöðu að eiga fastafjármuni eða eignarhluti í félögum getur lent í erfiðleikum með að greiða skattinn vegna erfiðrar lausafjárstöðu þótt eignastaðan sé góð.

Í skýrslu sem AGS vann fyrir fjármálaráðherra fyrr á þessu ári kemur fram að auðlegðarskatturinn er gallaður og álagning hans hafi sömu áhrif og upptaka viðbótar 18% skattþreps á háar fjármagnstekjur.

Kolefnisgjald


Hér er verið að hækka þennan gjaldstofn um 50% á milli ára án þess að fyrir því séu færð haldbær rök. Þrátt fyrir fagrar útskýringar um hvernig gjald þetta er reiknað út hefur það ekkert með umhverfismál að gera heldur er það fyrst og fremst til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og er sama eðlis og vörugjöld. Ekkert mat var heldur lagt á áhrif skattheimtunnar til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda þegar gjaldið var fyrst lagt á og engin tilraun er gerð til að meta áhrif 50% hækkunar gjaldsins nú.

Við samþykkt laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, var bent á að aðaláhrif þessarar skattlagningar væru að samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina skekkist verulega. Sem dæmi má nefna að norsk fiskiskip eru undanþegin kolefnisgjaldi. Olúkostnaður, einn stærsti útgjaldaliður útgerðarinnar, hefur hann hækkað mikið síðastliðin ár og var í sögulegu hámarki 2008 og er enn mjög hátt. Íslensk stjórnvöld verða að hafa það í huga að íslensk útflutningsfyrirtæki geta ekki tekið meira á sig en samkeppnisaðilar í öðrum löndum. Í ljósi framangreinds er því mælt gegn fyrirhugaðri hækkun þessa skatts.

Kolefnisgjald er ekki innheimt af eldsneyti sem selt er til millilandaflugs enda er það í andstöðu við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Nauðsynlegt er að lögin séu í samræmi við raunverulega framkvæmd þeirra.

Tryggingagjald

Atvinnulífínu ber að fjármagna bótagreiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt lögum. Í lögum um tryggingagjald segir: „Fyrir lok október ár hvert skal Atvinnuleysistryggingasjóður gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum




útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af horfum um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundradshluta atvinnuþryggingagjalds skal fjármálaráðherra flytja frumvarp þar að lútandi á Alþingi.“

Undirrituð samtök leggja áherslu á að atvinnuþryggingagjald verði lækkað á árinu 2011 til samræmis við spár um minna atvinnuleysi. Hagstofan spáir 7,3% atvinnuleysi á næsta ári og ef sú spá er lögð til grundvallar fjárlögum 2011 ber samkvæmt lögunum að lækka atvinnuþryggingagjald um a.m.k. 1%, úr 3,81% í 2,8%, og þar með tryggingagjaldið úr 8,65% í 7,65%. Minnki atvinnuleysi í 5,6% árið 2012, eins og Hagstofan spáir, verður svigrúm til þess að lækka tryggingagjaldið árið 2012 um 1,15%, eða í 6,5%.


Þess er vænst að efnahags- og skattanefnd Alþingis taki tillit til framangreindra athugasemda við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Samtök atvinnulífsins




Samtök iðnaðarins




SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu




Samtök fiskvinnslustöðva




Samtök ferðaþjónustunnar




Samtök fjármálafyrirtækja




Landssamband íslenskra útvegsmanna



Samtök atvr. í raf- og tölvuiðnaði



Samorka



Áætlun um skatttekjur ríkissjóðs árið 2010 skv. fjárlögum 2010 og fjárlagafrumvarpi 2011

Milljarðar kr.	Fjárlög 2010			Fjárlagafrumvarp 2011			Ofmat
	Áætlun 2009	Fjárlög 2010	Mismunur Aukning	Reikn. 2009	Áætlun 2010	Mismunur Aukning	
Skattar á einstaklinga	103,50	123,80	20,30	109,95	117,00	7,05	13,25
Skattar á lögaðila	20,80	17,70	-3,10	31,11	17,70	-13,41	10,31
Tryggingagjald	40,75	60,68	19,93	44,76	62,33	17,58	2,36
Eignarskattar	4,84	8,13	3,30	5,32	8,22	2,90	0,40
Virðisaukaskattur	119,60	124,70	5,10	121,25	126,90	5,65	-0,55
Aðrir skattar	69,07	79,61	10,54	72,72	82,67	9,95	0,59
Samtals	358,55	414,62	56,07	385,11	414,82	29,72	26,35